

# Fundargerð 8. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

## starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 3. október kl. 17:00 var haldinn 8. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Hansína Guðmundsdóttir og Silja Ösp Jóhannsdóttir sátu fundinn.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Erindi afgreidd á milli funda

Tillaga barst frá ritnefnd Sáms um breytt fyrirkomulag um val á þjónustu- og afrekshundi ársins. Tillagan var á þann veg að auglýsa eftir tilnefningum, og opna síðar fyrir kosningu á vefsvæði Sáms. Með þessari leið getur fólk haft áhrif á hver hlýtur titilinn og veitir þessari heiðrun meiri sýnileika. Stjórn fagnar tillögunni og samþykkir hana.

Umsókn kom frá fjár- og hjarðhundadeild um að halda smalaeðlispróf í lok október. Umsóknin er samþykkt.

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum:

- Daníel Örn Hinriksson: Griffon Belge, Griffon Bruxellois og Petit Brabancon

Stjórn samþykkti réttindin og óskar Daníel Erni til hamingju.

#### 2. Frá framkvæmdastjóra

- Verið að vinna í uppgjörum vegna sýninga og veiðiprófa
- Skráning á ræktendanámskeið fer hægt af stað, Hansína ætlar að ath hvort möguleiki sé að bjóða fólki upp á taka þátt rafrænt
- Rætt um mögulegt skjalafals við eigendaskipti
- Á ToDo-lista eru hurð á Melabraut, viðgerð á þaki og mögulega viðgerð á múr á framhlið hússins

#### 3. Verklag með breytingar á vinnu og veiðiprófum

- Umræða um hvort mismunandi verklagsreglur séu í gangi hvað varðar endurgreiðslu fyrir veiðipróf

- Verklag var í gildi um að starfmenn skrifstofu hafði heimild til að samþykkja breytingar á dagsetningum fyrir veiðipróf
- Þörf á að minna á að ákveðinn skráningarfræstur er fyrir veiðipróf

#### **4. Bréf frá félagsmanni vegna undanþágu á ættbókarskráningu, fylgiskjöl 10a-e/23**

- Félagsmaður óskar eftir undanþágu til að fá ættbókarfærða hvolpa undan hundum sem ekki uppfylla heilsufarskröfur. Eftir að hafa farið yfir gögn frá félagsmanni sem og gögn frá nefndum sem komið hafa að þessu máli þegar það hefur áður borist stjórn þá er stjórn sammála um að fallast ekki á þessa beiðni.

#### **5. Bréf frá Vorsteh deild, fylgiskjal 11/23**

- Erindi barst frá Vorsteh deild varðandi lyklaaðgengi að Sólheimakoti. Stjórn er sammála um að félagið þurfi að fá svör varðandi hver staðan er með áframhaldandi leigu og hve lengi félagið mun hafa aðgang að kotinu, en breyting hefur orðið á deiliskipulagi á svæðinu sem kotið stendur á.
- Einnig var spurt út í skráningarfyrirkomulag á veiði og vinnupróf. Stjórn bindur vonir við að skráning verði með breyttu formi frá og með áramótum.

#### **6. Fulltrúaráðsfundur**

- Opin hús sem deildirnar sjá um að halda til að kynna sína starfsemi, stjórn leggur til að Silja verkefnastjóri félagsins sé tengiliður við deildir fyrir þetta verkefni. Hugmyndin að hægt væri að byrja þetta í janúar.
- Facebook hópurinn Fulltrúar deilda innan HRFÍ hefur verið búin til og munu stjórnir fá boð í grúppuna fljótlega frá skrifstofu.
- Setja saman kynningarbréf sem hægt er að senda til nýrra félagsmanna þegar þeir eru skráðir inn í félagið við gotskráningar.
- Lagt var til á fulltrúaráðsfundinum að endurvekja Laugavegsgönguna, stjórn ætlar að kanna hvort Ragnar og Ágúst hafi áhuga á að skipuleggja hana. Ef þeir hafa ekki tök á því þá þarf að óska eftir göngustjórum.
- Kanna þarf hvort möguleiki sé á að halda 4 augnskoðanir á ári.
- Meistarastigs umræða, sem verður tekin upp á NKU show committee fundi, þar sem NKU löndin skiptast í tvennt með þetta.

#### **7. Frá Schnauzerdeild, v. Sýningareglna, fylgiskjöl 16a-b/23**

- Erindi barst frá Schnauzerdeild varðandi meistarastigsreglur. Stjórn ákveður að bíða með að senda erindi til umsagnar sýningarstjórnar þar til eftir fund sýningarnefndar NKU sem verður í næstu viku.

#### **8. Upptökur í prófi frá Vinnuhundadeild, fylgiskjöl 8a-b/23**

- Erindi barst frá Vinnuhundadeild varðandi upptökur á vinnuprófum, stjórn sendi erindið áfram til Laganefndar félagsins til umsagnar. Laganefnd hefur gefið álit:

Spurt er hvort leyfilegt sé að banna upptökur nema með leyfi þátttakenda, eða birtingu upptöku.

Í dag, þar sem allir hafa snjallsíma yrði mjög erfitt að fylgja slíku banni eftir. Þá eru prófin og reyndar aðrir viðburðir Hrfí (þ.m.t. sýningar) á almannafæri. Á Íslandi eru ekki til nein lög eða reglur sem beinlínis fjalla um ljósmyndun á almannafæri. Öll höfum við hins vegar rétt til að tjá okkur og eins höfum við öll rétt til friðhelgi einkalífs. Það er því erfitt að banna myndatöku og óvíst að slíkt bann standist grundvallarrétt manna til tjáningar. Það er ekki aðalatriðið hvar myndataka fer fram, heldur er það frekar spurning um hvert myndefnið er og hvernig það er nýtt eða birt. Ef hægt er að greina einstakling á mynd eða í myndbandi þarf að fara að persónuverndarlögum. Fyrst og fremst þarf að vera til staðar heimild til að vinna með upplýsingarnar, til dæmis samþykki. Eins má benda á að hægt er að skipta birtingu myndefnis í tvo flokka. Annars vegar birtingu af prófi almennt, með almennri skírskotun eða birtingu mynda/upptöku þar sem einstaklingurinn er aðalmyndefnið. Í fyrra tilvikinu þarf almennt ekki samþykki en í síðara tilvikinu þarf samþykki og eins er í verstu tilfellum mögulegt að birtingin sé meiðandi. Má þannig benda á að ef upptaka er birt opinberlega með niðrandi texta getur verið um ærumeiðingu að ræða, sem samkvæmt 25. kafla almennra hegningarlaga er refsiverð. Eins og sjá má er ekkert einfalt svar til. Bann þekkist á sérstökum svæðum, eins og söfnum eða í leikhúsi, en þá til að verja aðra hagsmuni. Er ólíklegt að slíkt bann standist á viðburðum Hrfí.

#### **9. Erindi v. prófs fuglahundadeildar fylgiskjöl 12a-b, 13a-b, 14a-b, 15a-b/23**

- Bréf bárust frá félagsmönnum sem tóku þátt í veiðiprófi á vegum Fuglahundadeildar HRFÍ ásamt bréfi frá prófstjóra.
- Erindi voru rædd og er það skýrt að mál sem þessi á að útkljá á prófstað samkvæmt veiðiprófareglum. Ef aðilar óska eftir úrskurði í málinu þarf málið að fara til siðanefndar félagsins.

#### **10. Önnur mál**

- Ítreka við veiðiprófanefnd að ekki er búið að skila inn umsókn um veiðipróf fyrir næsta ár en skv. reglum hefði það átt að berast stjórn fyrir 1. september sl.
- Erindi barst frá Vorsteh deild varðandi svar á erindi sem var send inn í fyrra vegna skráningar á hundi í keppnisflokk. Erindinu var svarað í fyrra af fyrri stjórn
- Erindi barst frá Smáhundadeild varðandi Hrekkjavökuskemmtun deildarinnar, stjórn óskar deildinni góðs gengis með viðburðinn.
- Dómarareglur vinnuhundaprófa samþykktar.
- Rætt var um hvernig vali á landsliðsþjálfara ungra sýnenda er háttað. Vitað er til þess að æskulýðsnefnd er að vinna að því að koma því formfast ferli.